

**Ed.**

**318. Framvarp**

til laga nm breyting á lögum nm samþyktir um sýsluvegasjóði, nr. 10, 20. júní 1923.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Á eftir öðrum málslið 3. gr. laganna komi þrír nýir málsliðir, svo hljóðandi:

Þó skal hreppsfjlagi heimilt að greiða skattinn úr sveitarsjóði, sje það samþykt með meiri hluta atkvæða á lögsmætum sveitarfundi, sbr. 53. gr. sveitarstjórnarlaganna, og tilkynning þar um komin til sýslumanns fyrir 1. apríl. Gildir sú skipun þangað til fundarsamþyktin er úr gildi feld með sama hætti. Jafnar hreppsnefnd þá skattinum niður með aukaútsvörum, og skal hreppsnefndaroddviti greiða hann sýslumanni á gjalddaga þeim, er áður segir.